



22.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga haldinn á Selfossi 15.júní 2017 kl. 14:30.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Fab lab

Erindi frá Sass. Unnið er að því að finna fjármagn til þess að koma á fót Fab lab smiðju á Selfossi. Reikna má með allt að 11 millj.kr. kostnaði í búnað/tækjakaup. Hugmyndir eru uppi um að sveitarfélög á Suðurlandi leggi til fjármagn vegna starfsmanns og að FSu leggi til húsnæði. Atorka, félag atvinnurekenda, hefur lýst yfir áhuga að vera með í verkefninu. Framkv.stjórn telur skynsamlegast að ef að Héraðsnefd kæmi að þessu verkefni þá yrði lögð fram ein greiðsla sem fjárfesting í verkefnið frekar en að nefndin kæmi að föstum árlegum rekstri.

2. Ráðningarmál tónlistarskóli

Halldóru er falið að gera verðkönnun hjá ráðningarskrifstofum vegna auglýsingar og ráðningar á nýjum skólastjóra tónlistarskóla Árnésinga.

3. Ráðningarkjör forstöðumanna

Framkv.stjórn þarf að fá upplýsingar um launasetningu forstöðumanna frá Gogg og í framhaldinu ganga frá samningum við Lýð og Ingu.

4. Bréf frá Mýrdalshrepp

Bréf til héraðsnefndar frá Mýrdalshrepp þar sem lýst er yfir áhyggjum af því að ekki sé boðið upp á heimavist við FSu. Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign)

Sveinn Steinarsson (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Halldóra Hörleifsdóttir (sign)